

16. Fundur Umhverfis og Náttúruverndarnefndar 31.1.2015 í Kirkjubæjarstofu klukkan 13:00

Mættir: Jóna Björk Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarsona og Ágúst Leó Sveinsson sem ritar fundargerð

1. Ástand urðunarstaðarins og viðbrögð við skýrslu umhverfisstofnunar.

Í eftirlitskýrsla Umhverfisstofnunar frá 12.11.14 sem sveitastjórn vísaði til Umhverfis og náttúruverndarnefndar á fundi sínum 13 mars s.l. kemur fram að talsverð óreiða á úrgangi og eru nokkur frávik frá starfsleyfi. Frávikin voru eftirfarandi:

Frávik frá ákvæði 1.2 í starfsleyfi: heyrúlluplast er geymt á urðunarsvæði.

Frávik frá ákvæði 2.8 í starfsleyfi flokkar úrgangs ekki aðskildir og úrgangstegundir eru að finna sem ekki má urða t.d. hjólbarðar og heimilistæki.

Frávik frá 4.3 í starfsleyfi. Mikið um óbirgðum úrgangi sem hefur safnast upp um einhvern tíma.

Umhverfisstofnun vænti svars eigi síðar en 10. mars og liggur því á að koma þessu erindi í réttan farveg.

Formaður umhverfis- og náttúruverndar setur sig í samband við Íslenska gámafélagið á næstu dögum um innihald bréfsins.

Mikilvægt er fyrir Skaftárhrepp að sinna eftirliti og ábyrgðarskyldum til að halda starfsleyfi.

2. Hugmynd Skaftárhrepps um láglendisvörð

Skaftárhreppur hefur vísað eftirliti með Fjarðargljúfur til Friðs og Frumkrafta og eru hugmyndir upp um að ráða láglendislandvörð sem myndi sjá um eftirlit með áfangastöðum ferðamanna í hreppnum. Dverghamra, Fjarðargljúfur og Álftaversgígur. Þegar hefur verið rætt við Vatnajökulspjóðgarð að koma að þessu máli og nýlega ræddi formaður Umhverfis og náttúrufræðinefndar við Umhverfisstofnun. Í því samtali kom fram að UST hefur yfirleitt ekki látið fjármagn í láglendisverði en hafa verið að styrkja efniskostnað, s.s. skilti og upplýsingaefni. Þó hefur í einhverjum tilfellum verið verið borgaður hluti starfslauna t.d. í Dyrhóley. Rætt var um að kanna hvort UST geti látið mótframlag í þetta verkefni í sumarið 2015. Einnig yrði kannað hvort hægt sé að gera samning við UST um eftirlit Skaftárhrepps með þessum stöðum til framtíðar gegn stuðningi UST.

3. Önnur mál.

Taka upp „samþykkt um meðhöndlun úrgangs í skafárhreppi“ og lagfæra. Í henni er talað um brennanlegt og óbrennanlegt sorp og fleira sem ekki á við í dag. Lagt er til að Sveitastjórn seti þetta þá vinnu af stað.

4. Vinna áhugafólks um sorpmál.

Þessu máli var slegið á frest sökum tímaskorts. Fundur með áhugamönnum um sorpmál og sveitastjórn var boðaður kl 14:00

Fundi slitið 14:00